

53

	Flutt 1.234.886 25
Innheimt fje í geymslu	10 40
Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur s. d.	16.232 80
Varasjóður bankans 31. desbr. f. á.	116.136 22
Ýmsar tekjur, sem enn eru eigi lagðar við varasjóð	24.225 91
	Samtals 1.391.491 58

Stjórn landsbankans 9. apríl 1894.

Tr. Gunnarsson. Eiríkur Briem. B. Kristjánsson.

54

Auglýsing.

fyrir sjófarendur.

Það auglýsist hjer með almenningi, að eptirleidis verður gjörð sú breyting, að því er snertir kveikingu á ljóskerinu á Teigakotslóð á Skipaskaga (sbr. Augl. 22. nóv. 1890, Stjórnartíð. 1890 B. nr. 176, bls. 183) að *byrjad verður að tendra á ljóskerinu 10. sept. og hætt 11. apríl ár hvert í stað þess að áður var kveikt 1. marz til 14. maí og 1. okt. til 31. desbr.*

Breytingin kemst á 10. sept. næstkomandi. Þeir tímar sólarhringsins, er loga skal, verða hinir sömu sem verið hafa.

Reykjavík 31. maí 1894.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús. Stephensen.

Hannes Hafstein.

Verzlunarræðismaður.

8. marz var lyfsali H. J. Ernst viðurkenndur af hinni dönsku stjórn sem Viceconsul á Íslandi fyrir hið *argentínska lýðveldi*.

Embættaskipun og lausn frá embætti.

21. apríl var *Tómas Helgason* læknskólakandidat settur af landshöfðingja til þess fyrst um sinn að gegna *hjeradslæknisembættinu í 4. læknishjeradi* (Stykkishólmi).

9. maí veitti landshöfðingi prestur að Stað í Grindavík *Oddi Gíslasyni* samkvæmt beiðni hans lausn frá prestsembætti frá næstu fardögum án eptirlauna.

13. apríl setti ráðgjafinn fyrir Ísland cand. med. & chir. *Guðmund Hannesson* hjeradslækni í 14. læknishjeradi frá 1. júní þ. á. að telja.

28. maí var sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Akureyri *Klemens Jónsson* settur af landshöfðingja til þess fyrst um sinn frá 1. júlí að gegna *amtmansembættinu í norðuramtinu og austuramtinu*.

Óveitt prestakall.

Staður í Grindavík. Metið 780 kr, 75 aur. Augl. 11. maí. Veitist frá næstu fardögum.